

SAMÞYKKTIR

fyrir

GS1 Ísland Félagasamtök

§ 1 NAFN OG VARNARÞING

Samtökin heita **GS1 Ísland Félagasamtök**. Heimilisfang þeirra og varnarþing er í Reykjavík.

§ 2 HLUTVERK

Hlutverk **samtakanna** er að vera leiðandi við að koma á og viðhalda alþjóðlegu kerfi til samskipta í viðskiptum og til að auðkenna vörur, þjónustu og staðsetningar. Kerfið skal nýttast sem flestum atvinnugreinum og grundvallast á alþjóðlega viðurkenndum stöðlum.

Kerfið kann að vera rekið af sjálfstæðu félagi og skulu samtökin fara með eignarhald á því.

Markmiðið er að kerfið nýtist notendum, samstarfsaðilum og neytendum við að auka skilvirkni í vörustjórnun.

Samtökin vinna í samræmi við reglur alþjóðasamtaka GS1 í Brussel (GS1 Global) sem varð til við sameiningu EAN International og UCC.

Samtökin eru aðili að GS1 Global og koma fram fyrir Íslands hönd gagnvart þeim.

Eitt af því sem samtökin fást við er að úthluta númerum til íslenskra notenda og viðhalda númerabanka í þeim tilgangi.

§ 3 FJÁRMÖGNUN

Starfsemin er fjármögnuð af gjöldum sem íslenskir notendur númerakerfisins greiða.

Með notendum er átt við sérhvert fyrirtæki, stofnun, félag eða einstakling, sem fær úthlutað númeri (númerum) til starfsemi sinnar frá samtökunum.

Aðilar samtakanna bera ekki ábyrgð á skuldbindingum samtakanna umfram það fé sem þeim var lagt til við stofnun þeirra



§ 4 AÐILDARFÉLÖG

Eftirtalin samtök eiga aðild að GS1 Ísland Félagasamtök:

- SI – Samtök iðnaðarins
- SÍS – Samband íslenskra samvinnufélaga
- FA – Félag Atvinnurekenda
- SVP – Samtök verslunar og þjónustu
- VÍ – Viðskiptaráð Íslands

Stjórnin getur veitt fleiri aðilum, sem hafa sérstakan áhuga á númerakerfinu aðild að samtökunum. Ákveður stjórnin þá hverju sinni fjárhagsleg skilyrði aðildarinnar.

Úrsögn getur aðeins tekið gildi við áramót, enda hafi skrifleg úrsögn borist a.m.k. 6 mánuðum fyrir þau tímamörk.

Með brottför úr samtökunum afsalar viðkomandi sér öllum kröfum til eigna samtakanna.

§ 5 STJÓRN

Stjórn samtakanna er skipuð 5 mönnum og tilnefna hver aðildarsamtök fulltrúa sinn í stjórnina til eins árs. Geti stjórnarmaður ekki mætt á fund er honum heimilt að senda fulltrúa í sinn stað. Stjórnin skiptir með sér verkum.

§ 6 STJÓRNARFUNDIR

Fundir skulu haldnir þegar formaður ákveður eða ef tveir stjórnarmenn óska þess.

Formaður ákveður fundarstað og tíma og stjórnar fundum, en annar stjórnarmaður í forföllum hans.

3/5 atkvæða þarf til að ályktun fundar sé bindandi.

Undirritun formanns, auk eins stjórnarmanns skuldbindur samtökin.

Fundargerðir skulu varðveittar með tryggilegum hætti. Afrit sendist stjórnarmönnum.

§ 7 FRAMKVÆMDASTJÓRN

Stjórnin getur ráðið framkvæmdastjóra vegna starfsemi samtakanna, veitt honum prókúru og heimild til að reka númerabanka.

Með samhljóða ákvörðun stjórnar má fela þessi verkefni hlutlausum aðila ásamt útgáfu tækni- og upplýsingarita, svo og ráðgjöf til notenda.

Yfirstjórn númerabankans er þó í höndum stjórnarinnar.



§ 8 ERLEND SAMSKIPTI

Stjórnin velur fulltrúa á ársþing GS1 Global Forum og fulltrúa til setu í nefndum. Útgjöld vegna þátttöku á alþjóðlegum fundum skulu kostuð af samtökunum.

Stjórn samtakanna ákveður aðra þátttöku í alþjóðlegu samstarfi eftir því sem tilefni er til.

§ 9 AÐALFUNDUR

Aðalfundur skal haldinn árlega fyrir lok apríl. Fundinn skal boða með þriggja vikna fyrirvara.

Félagar aðildarsamtaka samtakanna eiga rétt á fundarsetu, en hver aðildarsamtök hafa þó aðeins eitt atkvæði á fundinum. Aðildarsamtökin skulu tilkynna stjórninni áður en aðalfundur hefst, hver fer með atkvæði samtakanna á fundinum.

Eftirfarandi mál skulu tekin fyrir á aðalfundi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.
3. Fjárhagsáætlun og tillaga um aðildargjald fyrir næsta ár.
4. Skýrt frá tilnefningu í stjórn fyrir næsta ár.
5. Kosning formanns.
6. Ákvörðun um löggiltan endurskoðanda.
7. Önnur mál.

Reikningsár er frá 1. jan til 31. desember.

§ 10 BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM

Samþykktum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi og þarf til þess 4/5 greiddra atkvæða.

§ 11 SLIT

GS1 Ísland Félagasamtökum verður því aðeins slitið að það sé samþykkt í samræmi við 10.gr. Við slit samtakanna skiptast eignir á milli aðilanna að jöfnu.

Samþykkt á aðalfundi 30. apríl 2021.

